

**3176. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
10. mars 2016 og hófst hann kl. 16:30**

Fundinn sátu:

Ólafur Adolfsson formaður, Valdís Eyjólfsdóttir varaformaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Jóhannes K. Guðjónsson varafulltrúi, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. **1601358 - Fundargerðir 2016 - samráðshópur um þjónustumiðstöð að Dalbraut 6**
22. fundargerð samráðshóps um þjónustumiðstöð að Dalbraut 6 frá 1. mars 2016.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
2. **1601010 - Fundargerðir 2016 - menningar- og safnarnefnd**
24. fundargerð menningar- og safnarnefndar frá 4. febrúar 2016.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
3. **1603032 - Fundargerðir 2016 - Samband ísl. sveitarfélaga**
835. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 29. janúar 2016.
836. fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 26. febrúar 2016.
Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.
4. **1601444 - Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2016**
32. mál um endurskoðun laga um lögheimili.
275. mál um hæfisskilyrði leiðsögumanna.
352. mál um málefni aldraða (réttur til sambúðar á stofnunum).
Lagt fram.
5. **1602228 - KPMG - bættur rekstur og upplýsingaflæði um fjármál**
Drög að samkomulagi við KPMG um endurskoðun á verkferlum og skipulagi fjárhagsáætlunargerðar auk greiningar á stöðu B-hluta og markmiðssetningu fyrir árin 2017-2020.
Bæjarráð samþykkir að ganga til samninga við KPMG og felur bæjarstjóra frágang málsins.
Kostnaðinum, samtals allt að fjárhæð 4 mkr., verður mætt af liðnum 20830-4995. ✓

6. 1410218 - Krókalón - fyrirspurn vegna bóta

Tilteknir fasteignaeigendur hafa beint erindi til Akraneskaupstaðar um að skoðað verði hvort eigendur fasteigna við Krókalón hafi setið við sama borð varðandi bótagreiðslur sem inntar voru af hendi vegna eignarnáms lóðahluta (landspildna) á Akranesi árið 2010 í kjölfar skipulags sem tók gildi 22. júlí 2008.

Með skipulaginu var ætlað að leggja nýjar frárennslislagnir við Krókalónið og leggja þar göngustíg til almannaota.

Bætur voru greiddar út til 32 lóðarhafa í kjölfar úrskurðar matsnefndar eignarnámsbóta frá 23. ágúst 2011.

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs situr fundinn undir þessum lið.

Bæjarráð telur, með vísan til sérfræðiálits lögmanns Akraneskaupstaðar, ekki grundvöll fyrir bótagreiðslum af hálfu sveitarfélagsmins og felur bæjarstjóra að svara fyrirspyrjendum í samræmi við umræður á fundinum.

7. 1603052 - Lífeyrissjóður starfsm. sveitarfélaga - endurgreiðsluhlutfall B-deildar Akraneskaupstaðar 2016

Erindi Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga dags. 4. mars 2016, þar sem gerð er grein fyrir tillögu tryggingastærðfræðings sjóðsins um endurgreiðsluhlutfall launagreiðenda á greiddum lífeyri í réttindasafn Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar í B-deild LSS.

Lagt er til að hlufallið haldist óbreytt eða 56% fyrir árið 2016.

Bæjarráð samþykkir að hlutfall endurgreiðslu lífeyris vegna réttindasafns Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar í B-deild LSS verði 56%.

Bæjarráð vísar ákvörðuninni til bæjarstjórnar Akraness til samþykktar.

8. 1602272 - Konukvöld ÍA 2016 - umsögn

Erindi Sýslumannsins á Vesturlandi þar sem óskað er umsagnar vegna umsóknar um tækifærisleyfi og tímabundið áfengisleyfi vegna konukvöld ÍA í íþróttahúsinu á Jaðarsbökkum 18. mars 2016 kl. 19:00 til 19. mars 2016 kl. 01:00.

Afgreiðsla bæjarstjóra samkvæmt 75. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar lögð fram til kynningar.

9. 1602268 - Eikarskógar 9 - umsókn um byggingarlóð

Umsókn Margrétar Þóru Jónsdóttur um byggingarlóð að Eikarskógum 9.

Bæjarráð samþykkir úthlutun byggingarlóðar að Eikarskógum 9 til Margrétar Þóru Jónsdóttur.

10. 1502091 - Slökkviliðsmenn hjá Akraneskaupstað - samningur um launakjör

Kjarasamningur hlutastarfandi slökkviliðsmanna hjá Akraneskaupstað lagður fram til samþykktar.

Bæjarráð samþykkir kjarasamning Akraneskaupstaðar og félags slökkviliðsmanna á Akranesi.

Kostnaðarauka vegna samningsins, samtals að fjárhæð 1.1 mkr., verður ráðstafað af liðnum 20830-4995.

11. 1603057 - Starfshópur um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi

Erindisbréf starfshóps um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi.

Bæjarráð samþykkir að skipa starfshóp um byggingu búsetukjarna fyrir fatlað fólk á Akranesi og fyrirbyggjandi erindisbréf hópsins.

12. 1603068 - Starfsdagur á bæjarskrifstofunni

Starfsdagur starfsfólks bæjarskrifstofunnar.

Bæjarráð samþykkir að heimila lokun bæjarskrifstofunnar frá kl. 12:00 -15:30 þann 1. apríl 2016 vegna starfsdags.

13. 1603047 - Betra Akranes - áskorun

Erindi frá íbúasamtökunum Betra Akranes þar sem skorað er á bæjaryfirvöld að ganga til samninga við HB Granda um að leita lausna um annað staðarval fyrir hausapurrkunarverksmiðjuna, innan bæjarfélagsins en fjarri íbúabyggð.

Jóhannes Karl Guðjónsson vísar af fundi undir þessum lið.

Erindið kynnt og því vísað til bæjarstjórnar.

14. 1603040 - Sparkvellir - athugasemd

Erindi Jóns Pálma Pálssonar dags. 5. mars 2016 um dekkjakurl á sparkvöllum á Akranesi.

Erindið lagt fram.

Bæjarráð samþykkir að dekkjakurl á sparkvöllum við grunnskólana verði fjarlæggt á árinu á og felur skipulags- og umhverfisráði að gera tillögu að breytingu í framkvæmda- og fjárfestingaráætlun ársins með tilliti til þessa.

15. 1603028 - Skagarásin - styrkbeiðni (útvarpsrás)

Styrkumsókn útvarpsstöðvarinnar Skaga-rásin vegna kaupa á tækjum.

Bæjarráð fagnar framtakinu en telur rétt að bíða með formlega afgreiðslu erindins þar til niðurstaða umsóknar um styrkveitingu frá SSV liggur fyrir.

RA' 0x

16. 1603054 - Húsnæði fyrir sýningu safnara sumarið 2016

Óskað hefur verið eftir afnotum af húsnæði í eigu Akraneskaupstaðar vegna sýningarinnar.

Bæjarstjóri kynnir hugmynd að sýningu safnara á Akranesi í sumar.

Bæjarstjóra falið að vinna áfram í málinu.

17. 1503066 - OR - eigendanevnd 2015

Á fundi bæjarráðs þann 26. mars 2015 frestaði bæjarráð afgreiðslu á erindi Orkuveitu Reykjavíkur dags. 23. mars 2015 þar sem óskað var eftir umfjöllun um samþykkt stjórnar um stofnun nýs félags um eigin tryggingar OR.

Samkvæmt erindi Orkuveitu Reykjavíkur dags. 23. febrúar 2016 samþykkti stjórn Orkuveitunnar á fundi sínum þann 23. febrúar 2016 að fella úr gildi samþykkt um stofnun félags fyrir eigin tryggingar og dró þar með ósk um umfjöllun félagsins tilbaka.

Lagt fram.

18. 1603007 - XXX. landsþings sambandsins 8. apríl 2016

Erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga um landsþing sambandsins 8. apríl næstkomandi.

Bæjarráð samþykkir að fulltrúar Akraneskaupstaðar á landsþinginu verði bæjarfulltrúarnir Ólafur Adolfsson, Sigríður Indriðadóttir, Ingibjörg Valdimarsdóttir og Vilborg Þórunn Guðbjartsdóttir.

Jafnframt mun staðgengill bæjarstjóra sækja þingið.

19. 1602269 - Faxaflóahafnir - ársreikningar 2015

Ársreikningur Faxaflóahafna sf. fyrir árið 2015.

Lagt fram.

20. 1603034 - Spölur - aðalfundur 2016

Aðalfundur Eignarhaldsfélagsins Spalar hf. og aðalfundur Spala ehf. fer fram þriðjudaginn 15. mars 2016 á Gamla Kaupfélaginu Akranesi.

Lagt fram.

Bæjarfulltrúarnir IV, VE og VPG leggja fram eftirfarandi bókun:

Undirritaðar skora á Spöl að hætta gjaldtöku síðustu mánuði fyrir afhendingu Hvalfjarðarganga til ríkisins í þeim tilgangi að gera það erfiðara að halda gjaldtöku áfram eftir þann tíma.


RA'

21. 1603049 - Spölur ehf. - ársreikningar

Ársreikningur Spalar ehf. fyrir árið 2015

Lagt fram.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:50.


Ingibjörg Valdimarsd.
Valdís Eyjólfsdóttir
Vilborg Þ. Guðbj.
Ólafur Karl Guðjónsson
Beynna Ásvaldur
Sanna Felo Ólafsson